


SAMÞYKKT

um byggðarmerki Vesturbyggðar.



1. gr.

Byggðarmerki Vesturbyggðar er saman sett úr einföldum formum sem mynda þau tákn er einkenna byggðarlagið. Táknin er koma fram í merkinu eru Hrafna Flóki ásamt hröfnunum þrem er varða söguna, eins og segir í Landnámu: „*Þeir Flóki sigldu vestur yfir Breiða-fjörð og tóku þar land sem heitir Vatnsfjörður við Barða-strönd.*“ Í sömu sögu segir einnig: „*Þá gekk Flóki upp á fjall eitt hátt og sá norður yfir fjöllin, fjörð fullan af hafsum, því kölluðu þeir landið Ísland sem það hefur síðan heitið.*“ Látrabjarg, vestasti oddi Evrópu, eitt af einkennum byggðarlagsins er í forgrunni og minnir á sambúð manns og náttúru og nýtingu landgæða. Blár sjór táknar hreinleika hafsins og sjósókn við Vesturbyggð.

2. gr.

Merkið er útfært þannig að það er hægt að nota jafnt í svarthvítu sem í lit. Gengið er út frá Pantone litakerfi og eru litirnir fjórir samkvæmt teikningunni, þ.e. í forgrunn grænn (Pantone 347), litur Látrabjargs. Blár (Pantone 284) litur hafsins, gulur litur (Pantone 131) á hjálmi víkingsins. Svartur litur á hröfnunum og bjarginu og í útlínunum táknanna í merkinu.

3. gr.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar, bæjarstjóri og stofnanir bæjarins nota byggðarmerkið með embættis- og skrifstofuheitum eða nafni stofnunarinnar á bréfsfni og í prentuðu máli þar sem það á við svo og í stimplum.

4. gr.

Notkun á byggðarmerki Vesturbyggðar er óheimil án leyfis bæjarstjórnar Vesturbyggðar sbr. 29. gr. laga nr. 8/1993. Ekki er heimilt að breyta út af samþykkttri gerð merkisins sbr. meðfylgjandi teikningu nema í sérstakri háttíðarútgáfu og í svart-hvítri útgáfu. Óheimilt er að nota merkið í firmamerkjum og vörumerkjum og nota það til stjórnmálaáróðurs.

5. gr.

Svart hvíta útgáfu byggðarmerkisins má einungis nota við bóka- og blaðaprent og er hún heimil án sérstaks leyfis. Í svart hvítri útgáfu er merkið rastað frá 10% upp í 100% svartan lit. Við útgáfu minjagripa og myntsláttu er heimilt að falla frá litatáknum merkisins.

6. gr.

Umsókn um leyfi til þess að nota byggðarmerki bæjarins skulu fylgja a.m.k. tvö sýnishorn og uppdættir af merkinu eins og á að nota það. Bæjarskrifstofan í Vesturbyggð leiðbeinir um gerð merkisins og varðveitir sýnishorn af því.

Félagsmálaráðuneytinu, 7. október 1998.

Páll Pétursson.

Sigríður Lillý Baldursdóttir.